



## Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

### Aðalnámskráin leggur línurnar

Grunnskólum á Íslandi er ætlað að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem sett eru á hverjum tíma. Í skólastarfi Tjarnarskóla er leitast við að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram af hálfu skólayfirvalda og skólinn lýtur sama eftirliti og aðrir grunnskólar í Reykjavíkurborg. Auk þess er kappkostað að skólastarfið mótist af eigin skólamenningu og áherslum sem kosið er að nefna „Tjarnarskólataktinn“.



---

### Markmið náms

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur m.a. fram: „Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan. Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti bls. 12 – 13).



Auk þess:

*„Nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir skulu einnig vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði innan kennslustunda og utan, þarf að styrkja börn og ungmenni til að temja sér námshæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Námshæfni er þannig undirstöðuþáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.*

*Þetta kallar á örvandi námsumhverfi í skólum. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt“. (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti bls. 12 – 13).*

Í skólastarfinu í Tjarnarskóla eru leiðarljósín mörg til þess að nálgast markmið náms. Við kappkostum að stuðla að almennum þroska nemenda, auka færni og þekkingu námslega, félagslega og tilfinningalega og undirbúa nemendur sem best undir frekarar nám. Hver nemandi hefur sína sérstöðu sem við leitumst við að mæta í skólastarfinu og hlúa að velferð hans í víðu samhengi. Við göngum út frá því að „allir eru einstakir“ og að skólinn er „lítill skóli með stórt hjarta“.

Kennsluhættir eru afar fjölbreyttir og í sífelldri endurskoðun kennarahópsins sem vinnur þétt saman að skólaþróun. Eins og fram hefur komið hefur notkun Chrome Book tölva haft mikil áhrif á þær leiðir sem eru farnar í kennslu. Skólaárið 2019 – 2020 er annað árið sem tölvurnar eru í notkun og það er okkar mat að möguleikarnir eru ótrúlega margir. Við erum sífellt að kynnast þeim, prófa og nýta til fjölbreytni í kennslu og námi.

### **Nemendur setja sér markmið**

Í lok 1. og 2. annar fá nemendur það viðfangsefni að setja sér markmið. Lögð er áhersla á að þau séu raunhæf. Framkvæmdin er á þann veg að nemandinn fyllir út spurningalista og setur sér markmið inni á Google Forms - skjali. Í foreldra- og nemendaviðtali í lok fyrstu tveggja anna af þremur ræðir umsjónarkennari við nemandann/foreldra um viðhorf nemandans og markmið. Þetta hefur reynst vel.

## Inntak og skipulag náms

### Viðmiðunarstundaskrá

Við skiptum skólavetrinum í þrjár annir. Í lok hverrar annar er samantekt á námsmati annarinnar. Í lok 1. og 2. annar höfum við viðtöl þar sem hver nemandi mætir með foreldri/forráðamanni til umsjónarkennara. Viðtalið tekur 20 mínútur.

Skólastarfið tekur mið af viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla (bls. 51):

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>13.440</b>	<b>100%</b>

Í skipulagi skólastarfsins er leitast við að koma sem best til móts við hvern og einn. Það leiðir af sér að námsefni, kennsluáferðir og námsmat er gjarnan ólíkt eftir einstaklingum. Grunnstefið er þó ávallt að fylgja kröfum aðalnámskrár og því er gengið út frá markmiðum náms í hverri námssgrein eins og kostur er. Síðan er það hlutverk kennara að aðlaga námið að hverjum og einum nemanda, allt eftir því hvernig námsstaðan er þegar hann hefur nám í Tjarnarskóla – og hvernig þroska og námsframvindu miðar.

Hér á eftir gerum við grein fyrir markmiðmum náms í einstökum greinum og árgöngum (þremur):

**Námsmarkmið árganga:**

8. bekkur: <http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/nmsmarkmi-nmsgreina-8-bekkur.pdf>

9. bekkur: <http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/nmsmarkmi-nmsgreina-9-bekkur.pdf>

10. bekkur: <http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/nmsmarkmi-nmsgreina-10-bekkur.pdf>

